# Umsókn um styrk úr borgarsjóði

27-10-2023 10:07

## Umsækjandi

Ég er að sækja um sem: **Fyrirtæki / Samtök**

Einstaklingur Nafn umsækjanda: **Íris Indriðadóttir**

Kennitala umsækjanda: **0304942969**

Heimilisfang umsækjanda: **Eggertsgötu 22**

Póstnúmer umsækjanda: **102**

Fyrirtæki / Samtök Nafn fyrirtækis/samtaka: **Studio Erindrekar**

Kennitala fyrirtækis/samtaka: **5104230380**

Heimilisfang fyrirtækis/samtaka: **Bárugata 8**

Póstnúmer fyrirtækis/samtaka: **101**

Símanúmer fyrirtækis/samtaka: **8980494**

Netfang fyrirtækis/samtaka: **iris0494@gmail.com**

Ertu líka tengiliður verkefnisins?: **Já**

Nafn tengiliðar: **Íris Indriðadóttir**

Kennitala tengiliðar: **0304942969**

Heimilisfang tengiliðar: **Grandavegur 9**

Póstnúmer tengiliðar: **107**

Símanúmer tengiliðar: **8980494**

Netfang tengiliðar: **iris0494@gmail.com**

Hvert er kyn þitt?: **Kona**

---

## Áherslur verkefnisins

Hverjar eru helstu áherslur verkefnisins?: **Menningarmál**

Menningarmál - undirflokkar: **Hönnun og arkitektúr**

---

## Verkefnið

Heiti verkefnis: **Annarsflokks**

Stutt lýsing á verkefni (hámark 255 slög): **Þetta er hönnunar- og rannsóknarverkefni á æðardúni sem telst ekki söluhæfur, og möguleikunum sem í honum. Hönnuð verður vörulína sem sýnir fram á notagildi annarsflokks æðardúns sem sjálfbæran og hagkvæman kost fyrir æðarbændur og neytendur.**

Markmið verkefnisins (hámark 1100 slög): **Markmið verkefnisins er að ýta undir íslenska framleiðslu á staðbundnum efnivið með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Þó Ísland sé stærsti útflutningsaðili á æðardún í heimi er lítil vöruþróun hérlendis og er nánast allur dúnn seldur úr landi. Æðardúnn er hlýrri en allur annar dúnn og er æðarrækt sjaldgæft dæmi um samlíf manns og dýra þar sem bæði hagnast af. Í þessu verkefni er skapandi hugsun verkfæri til þess að færa saman hefð og nútímaþarfir og þróa nýtt hlutverk fyrir æðardún.**

Lýsing á verkefni (hámark 1650 slög): **Kjarni verkefnisins er að upphefja efni sem oft er litið framhjá og finna því tilgang á þann hátt að hægt sé að draga úr sóun. Við viljum að verkefnið efli til samtals við æðarbændur og samfélag um annarsflokks dún, sem ekki er leyfilegt að selja í dag. Æðardúnn er hlýrri en allur annar dúnn og er æðarrækt sjaldgæft dæmi um samlíf manns og annarra dýra þar sem báðar tegundir hafa hagsmuna að gæta af. Vörurnar verða á smáum skala og má nefna lúffur, hanska, húfur, lambhúshettur, sokka og inniskó sem dæmi um vörur sem verkefnið gælir við. Með vöru úr æðardúni á smærri skala en tíðkast hér á landi, úr hráefni neðar úr goggunarröðinni fæst aðgengilegri vara. Eiginleikar æðarfuglsins eins og hegðun, eðli og litapalletta eru innblástur fyrir vörulínuna. Skráningarformi fyrir öll þau skref sem æðardúnninn fer í gegnum, allt frá því að dúninn er tíndur þar til þess að vara sé fullmótuð má segja að verði hliðarafurð þessa verkefnis. Með hverri vöru fylgja upplýsingar um framleiðsluferlið. Myndbandsverk er ein af lokaafurðum rannsóknarinnar en markmið þess væri að hleypa fólki enn lengra inn í það ferli sem æðardúnn fer í gegnum frá hreiðri yfir í vöru. Umsækjendur hafa heimsótt og talað við fjöldan allan af æðarbændum, dúnmatsmönnum og hreinsunaraðilum sem**

**öll hafa sterkar tengingar og skoðanir á æðardúni. Þeirra reynsla og þekking er partur af menningararfi Íslendinga sem við teljum að sé mikilvægt að miðla til almennings. Miðlun verkefnisins, bæði á vörulínunni og myndbandsverkinu, verður í formi sýningar á HönnunarMars 2024 í Ásmundarsal svo síðar í Heima á Seyðisfirði.**

### Verk- og tímaáætlun:

| Verkliður | Upphaf | Endir |
|---|---|---|
| **Vörulína, sniðagerð og framleiðsla á 7 prótótýpum úr annarsflokks dúni.** | **31-12-2023** | **14-02-2024** |
| **Myndbandsverk, viðtöl tekin víðs vegar um landið, klipping á efni og úrvinnsla** | **14-02-2024** | **07-03-2024** |
| **Undirbúningur fyrir sýningu - sýningarstjórn, grafík, hönnun á innsetningu og markaðsetning** | **10-03-2024** | **30-03-2024** |
| **Uppsetning sýningar í Ásmundarsal - lokahönd lögð á myndbandsverk og vörulínu. Smíði á uppsetningu sem sviðsmynd inn í ádmundarsal. Ljós, hljóð, mynd í rými tekið fyrir. Uppsetning í rými.** | **31-03-2024** | **23-04-2024** |
| **Opnun á sýningu, samfélagsmiðlar og viðburðarstjórnun** | **23-04-2024** | **11-05-2024** |
| **Niðurtaka sýningar, undirbúningur, undirbúningur fyrir flutning á sýningu til Seyðisfjarðar - uppsetning í Heima í Seyðisfirði** | **12-05-2024** | **30-05-2024** |

Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði?: **Nei**

---

## Markhópurinn

Er verkefninu ætlað að ná til ákveðins hóps af fólki?: **Nei, verkefnið er fyrir alla íbúa Reykjavíkurborgar**

---

## Mannréttindastefna

Ég hef kynnt mér mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar: ✓
Hvernig samræmist verkefnið mannréttindastefnunni?: **Umsækjendur, Íris Indriðadóttir og Signý Jónsdóttir hafa starfað sem æðarbændur síðastliðin 4 árin. Við höfum séð að langflestur dúnn er seldur úr landi sem lúxusvara. Okkur langar að sýna fram á að hægt sé að framleiða vörur sem innihalda þessa dýrmætu auðlind en þó á viðráðanlegu verði og þar er þar sem annarsflokks dúnninn kemur inn. Annarflokks dúnn er alls konar, hann lítur ekki alltaf jafn vel út og fyrstaflokksndúnn en hann býr samt sem áður yfir þeim eiginleikum sem þarf til að gera hlýja og vel einangrandi vöru. Annarsflokks dúnn er ekki seldur í dag og það er sóun að hann sé ekki nýttur. Vegna "óvinsælda" annarsflokks dúns er hægt að skapa vörur á viðráðanlegu verði sem gerir fleira fólki kleift á að eignast vörur úr sjálfbærum dún sem endist út lífið.**

### Virk jafnréttis- og/eða mannréttindastefna:

---

## Útgjöld og tekjur

### Áætluð útgjöld:

| Útgjaldaliður | Upphæð |
|---|---|
| **Prentun á sýningarskrá** | **40.000 kr.** |
| **Auglýsingar í blöðum og á samfélagsmiðlum** | **50.000 kr.** |
| **Efniskostnaður á vörum og uppsetningun sýningar** | **250.000 kr.** |
| **Laun til tökumanns** | **250.000 kr.** |
| **Laun til klæðskera** | **250.000 kr.** |
| **Leiga á tækjabúnaði fyrir tökur á mynd** | **160.000 kr.** |

| | |
|---|---|
| **Eigið framlag - laun til hönnuða, annar efniskostaður, kostnaður við rannsókn og ferðakostnaður hefur þegar hlotið styrk frá Hönnunarsjóði, Hvatasjóði Seyðisfjarðar og Tækniþróunarsjóði Fræ** | **4.200.000 kr.** |

Samtals: **5.200.000 kr.**

### Áætlaðar tekjur:

| Tekjuliður | Upphæð |
|---|---|
| **Ekki er gert ráð fyrir að verkefnið safni neinum tekjum** | **10 kr.** |

Styrkupphæð: **1.000.000 kr.**

---

## Reikningsupplýsingar

Banki: **0133**
Höfuðbók: **26**
Reikningsnúmer: **008197**
Nafn reikningseiganda: **Studio Erindrekar**
Kennitala reikningseiganda: **5104230380**

---

## Fylgigögn

Fylgigögn: **Íris Indriðadóttir CV .pdf,Boðsbréf Ásmundarsalur.pdf,Ítarefni - Annarsflokks gæða æðardúnn.pdf,Signý Jónsdóttir CV.pdf**

### Önnur gögn (t.d. hlekkur á vefsíðu):

---

## Kyngreindar upplýsingar

Hver hafa helst hag af verkefninu?: **Öll kyn/Ekki hægt að segja eins og er**
Er teymi verkefnisins ákveðið?: **Já**
Fjöldi alls: **6**
Fjöldi kvenna: **3**
Fjöldi karla: **2**
Fjöldi kvára/kynsegin fólks: **1**

---

## Skilmálar

Já, ég samþykki!: ✓

---